

## SKIPULAGSSKRÁ

### Rannsóknarstyrkja Bjarna Benediktssonar.

#### 1. gr.

##### *Heiti sjóðsins.*

Sjóðurinn heitir Rannsóknarstyrkir Bjarna Benediktssonar og er sjálfseignarstofnun, sem komið er á fót til minningar um Bjarna Benediktsson fyrrverandi forsætisráðherra sem fræðimann og stjórnáamann í tilefni af aldarafmæli hans hinn 30. apríl 2008.

#### 2. gr.

##### *Heimili og varnarþing.*

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

#### 3. gr.

##### *Markmið sjóðsins.*

Markmið sjóðsins er að veita allt að sex rannsóknarstyrki á ári á sviði lögfræði og sagnfræði og afla framlaga til þeirra, en nánar tiltekið skal styrkjum þessum hagað sem hér segir:

- a) Allt að þrjú rannsóknarstyrkir skulu veittir árlega á sviði stjórnsýslu- og stjórnskipunarréttar, einn að fjárhæð kr. 1.000.000 og tveir að fjárhæð kr. 500.000 hvor. Þessir styrkir skulu veittir til þess að efla rannsóknir á þeim sviðum lögfræðinnar, sem snerta innviði stjórnskipunarinnar og réttaröryggi borgaranna gagnvart leyfisvaldi og eftirliti stjórnvalda.
- b) Allt að þrjú rannsóknarstyrkir skulu veittir árlega á sviði hag- og stjórnámalasögu 20. aldar til okkar daga, einn að fjárhæð kr. 1.000.000 og tveir að fjárhæð kr. 500.000 hvor. Þessir styrkir skulu veittir til þess að efla rannsóknir og dýpka skilning á umbreytingum í íslensku efnahagslífi, stjórnámalum og utanríkismálum á 20. öld.

Engin atvinnustarfsemi skal fara fram á vegum sjóðsins.

#### 4. gr.

##### *Ráðstöfun fjármuna.*

Tvær úthlutunarnefndir, önnur á sviði lögfræði, hin á sviði sagnfræði, skulu annast úthlutun rannsóknarstyrkjanna. Úthlutun rannsóknarstyrkja skal byggjast á faglegu mati á gæðum rannsóknarverkefna, færni og reynslu umsækjenda við rannsóknir og aðstöðu þeirra til að sinna verkefnunum. Styrkþegi skal geta þess, að rannsóknarverkefni hans hafi hlotið Bjarna Benediktssonar-styrk í inngangi eða formála, þegar rannsóknin er birt opinberlega. Úthlutunarnefndirnar ákveða úthlutunarreglur með framangreind og önnur málefnaleg sjónarmið í huga. Berist ekki umsóknir, sem uppfylla skilyrði úthlutunarreglna, verður ekki úthlutað styrkjum að því sinni.

Úthlutunarnefndirnar skulu skipaðar af stjórn sjóðsins til þriggja ára í senn, í fyrsta sinn skipa stofnendur þó í nefndirnar.

#### 5. gr.

##### *Stofnendur.*

Stofnendur eru börn Bjarna heitins Benediktssonar og eiginkonu hans Sigríðar heitinnar Björnsdóttur, sem bæði létust hinn 10. júlí 1970: Björn Bjarnason, kt. 141144-3409, Háuhlíð 14, 105 Reykjavík, Guðrún Bjarnadóttir, kt. 130646-2989, Fornhaga 25, 107 Reykjavík,

Valgerður Bjarnadóttir, kt. 130150-2929, Skúlagötu 32, 101 Reykjavík og Anna Bjarnadóttir, kt. 180655-4689, Steinhaldenstrasse 59, Zürich, Sviss.

## 6. gr.

*Stofnfé.*

Stofnfé sjóðsins er kr. 800.000. Stofnendur hafa greitt stofnféð.

## 7. gr.

*Stjórn sjóðsins.*

Stofnendur kjósa fimm menn í stjórn sjóðsins til þriggja ára í senn, og skal kjörið fara fram undir forystu hins elsta úr hópi stofnenda. Í forföllum stofnenda koma afkomendur viðkomandi stofnanda í hans stað við val stjórnarmanna og aðrar ákvarðanir, sem stofnendum eru ætlaðar í skipulagsskrá þessari. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

## 8. gr.

*Endurskoðun reikninga sjóðsins.*

Stofnendur tilnefna löggiltan endurskoðanda, sem ábyrgð skal bera á endurskoðun reikninga sjóðsins.

## 9. gr.

*Reikningsár sjóðsins.*

Reikningsár sjóðsins er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Þó skal fyrsta reiknings-tímabil sjóðsins vera frá stofnedei til 31. desember 2008.

## 10. gr.

*Fjárvarsla og rekstur sjóðsins.*

Stjórn sjóðsins er heimilt að fela Rannsóknamiðstöð Íslands (Rannís) að annast rekstur og umsýslu sjóðsins, þ. á m. fjárvörslu sjóðsins, samkvæmt reglum þeirrar stofnunar um opin og fagleg vinnubrögð. Verði ekki samið við Rannís um fjárvörslu sjóðsins, mun stjórnin annast fjárvörsluna.

## 11. gr.

*Breytingar á skipulagsskrá og lok sjóðsins.*

Telji stjórn sjóðsins eða stofnendur rétt að breyta skipulagsskrá þessari, og á sú ákvörðun þá undir stofnendur. Hið sama gildir, ef stjórn eða stofnendur telja rétt að leggja sjóðinn niður. Ákvarðanir um þessi efni skulu teknar af meirihluta stjórnar og stofnenda, en fá þó ekki gildi nema með staðfestingu sýslumanns.

Verði sjóðurinn lagður niður, skal fjármunum, sem þá kunna að vera til í sjóðnum, ráðstafað í samræmi við tilgang hans. Skal lagadeild Háskóla Íslands og sagnfræðiskor Háskóla Íslands falið að ráðstafa fjármununum, ef það er ekki gert í ákvörðuninni um að leggja sjóðinn niður.

## 12. gr.

*Almenn ákvæði og staðfesting skipulagsskrár.*

Að því leyti sem í skipulagsskrá þessari er ekki sérstaklega kveðið um málefni sjóðsins, skulu um hann gilda almennar lagareglur um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, sjá nú lög nr. 19/1988 og reglugerð nr. 140/2008 um þetta efni.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 26. febrúar 2008.*

**Ríkarður Másson.**

\_\_\_\_\_  
*Helgi Már Ólafsson.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 5. mars 2008